

**4. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn þriðjudaginn 5. mars 2019 í félagsmiðstöðinni Zero á Flúðum og hófst hann kl: 17:00.**

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn: Mathias Bragi Ölvisson, Birgir Januz Kuc, Anna Marý Karlsdóttir, Una Bóel Jónsdóttir sem skráði fundargerð og Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero.

**Dagskrá fundarins er eftirfarandi:**

**1. Fara yfir frumvarp varðandi lækkun á kosningaaldri.**

Ungmennráð ræddi um frumvarp um lækkun kosningaaldurs í sveitastjórnarkosningum á Íslandi. Það voru mismunandi skoðanir meðal meðlima ungmennaráðs út af þessu málefni, bæði kostir og gallar.

**Kostir:**

- Við 16 ára aldurinn þarf einstaklingur að byrja að borga skatt og þar af leiðandi fengið rétt á að kjósa, því þá fá þeir einstaklingar eithvað um það að segja hvert skatturinn fer.
- Sumir vilja fá að kjósa, hafa sínar skoðanir.

**Gallar:**

- 16 ára einstaklingur í grunnskóla hefur ekki nóga þekkingu til að hafa skoðun.
- Þrýstingur á 16 ára einstakling af framboðunum sem eiga sér stað á meðan á kosningabaráttunni stendur.

**Það sem þarf að gera ef frumvarpið væri samþykkt:**

- Ef það væri farið snemma að huga að fræðslu fyrir grunnskólakrakka um líðræðið, þá lærir sá einstaklingur að bera ábyrgð á ákvörðunum sínum, hafa rödd til að gera upp á milli ákvarðanna, s.s. í sveitastjórnarkosningum.
- Þá þyrfti fræðsla um sveitastjórnarkosningar í grunnskóla að aukast gríðarlega, annars væru 16 ára einstaklingar ekki tilbúnir til að framkvæma rökstudda ákvörðun.

**2. Stutt kynning frá vinnufundi um uppsveitarþingið okkar.**

Nói Mar kynnti fyrir ungmennaráði vinnufundinn sem fór fram á Kaffi Sel, 3. febrúar sl. Hafa málþingið helst um vorið, um miðjan maí. En ef það er ekki nógur tími til að undirbúa þá kom hugmynd um að hafa það um haustið, í ágúst, áður en næsta ungmennaráð verður skipað. Kynna málþingið fyrir grunnskólanendum í 8, 9 og 10. bekk í uppsveitunum.

### **3. Skipuleggja fund með sveitarstjórn.**

Hafa hann nk. fimmtudag, 7.mars kl 15:15. Töluðum um hvað við vildum koma á framfari og hvað við gætum rætt.

### **4. Hugmyndir ungmannaráðs.**

- Ræddum um sameiginlegan fund með ungmannaráðum uppsveitanna einhvern tíma á næstu tveimur vikum.
- Innleiða græna fánann.
- Jafningjafræðsla fyrir grunnskolanemendur á flokkun, hvernig á að flokka!
- Skýringu á lokun á neti í bæði grunnskóla og félagsmiðstöð.
- Endurheimt votlendis.
- Hafa könnun um hvort ungmanni vilja lækka kosningaaldur niður í 16 ára aldur.

**Fundi slitið kl. 18:46**